

Fjármála- og efnahagsráðuneytið  
Arnarhvoli við Lindargötu  
101 Reykjavík

Sent á samráðsgátt

Reykjavík, 11. júlí 2019

**Efni: Umsögn um áform um frumvarp til laga um breytingu á tollalögum og fleiri lögum (fyrirkomulag tollafgreiðslu og tollgæslu).**

Samtök atvinnulífsins (SA, samtökin), hafa tekið til umsagnar áform um lagasetningu um breytingu á tollalögum og fleiri lögum sem birt var á samráðsgátt stjórnvalda 28. júní sl.

SA fagna áformum um sameiningu verkefna á sviði tollafgreiðslu og tollgæslu, sem embætti tollstjóra annast nú, og verkefna sem embætti ríkisskattstjóra sinnir. Embættin vinna að skyldum verkefnum. Sameining verkefna mun hafa í för með sér víðtæk samlegðaráhrif og hagræði, með betri nýtingu upplýsingakerfa og notendabjónustu. Jafnframt aukast möguleikar á betri samnýtingu upplýsinga.

Með framförum í upplýsingatækni hefur hugmyndum og aðferðum við veitingu opinberrar þjónustu verið umbylt. Stærri embætti býður upp á frekari möguleika í þá veru. Með aukinni samþættingu verkefna, sem leiðir til meiri skilvirkni, minni kostnaðar og bættrar þjónustu fyrir almenning og fyrirtæki felast mikil tækifæri til að styrkja þjónustu og stjórnslu RSK og tollstjóra, m.a. með aukinni rafvæðingu og rafrænum lausnum. Með stærra embætti og breiðara verkefnasviði gefst starfsfólki jafnframt kostur á frekari framþróun í starfi.

Með samþættingu verkefna þurfa einstaklingar og lögaðilar að eiga við færri opinbera aðila. Kerfið ætti enda að vera hannað miðað við þarfir notenda þess en ekki kerfisins. Með sameiningu verður til öflugri stofnun sem er betur til þess fallin að takast á við áskoranir framtíðar.

Virðingarfyllst,  
f.h. Samtaka atvinnulífsins



Heiðrún Björk Gísladóttir